

BRÁÐABIRGÐALÖG

126

27. ágúst

um viðauka við lög nr. 73 7. maí 1940, um hækkun slysabóta og uppbót á ellilaun og örorkubætur.

Ráðuneyti Íslands, handhafi konungsvalds,

Gjörir kunnugt: Ákvæði laga nr. 73 7. maí 1940, um hækkun slysabóta og uppbót á ellilaun og örorkubætur, gilda aðeins fyrir árið 1940. Hins vegar er augljóst, að dýrtið fer vaxandi í landinu og því nauðsynlegt, að samskonar uppbætur og um ræðir í téðum lögum verði veittar framvegis. Úthlutun á ellilaunum og örorkubótum fer fram í byrjun októbermánaðar, og er sveitarstjórn um nauðsynlegt fyrir þann tíma að vita um hvers framlags sveitarsjóðir megi vænta frá Lífeyrissjóði Íslands.

Með því að ráðuneytið fellst á það álit félagsmálaráðherrans, að brýna nauðsyn beri til að setja bráðabirgðalög samkvæmt 23. gr. stjórnarskrárinnar um framangreint efni, telur ráðuneytið rétt að gefa út bráðabirgðalög á þessa leið:

1. gr.

Ákvæði 1. gr. laga nr. 73 7. maí 1940, um hækkun slysabóta og uppbót á ellilaun og örorkubætur, skulu gilda meðan vísitala kauplagsnefndar er 110 eða hærri.

2. gr.

Lífeyrissjóður Íslands skal, meðan vísitala kauplagsnefndar er 110 eða hærri, greiða 30% af heildarupphæð ellilauna og örorkubóta samkvæmt 2. tölulið 80. gr. laga nr. 74 frá 31. desember 1937, um alþýðutryggingar. Ríkissjóður endurgreiðir Lífeyrissjóði Íslands þann hluta af upphæðinni, sem er umfram $\frac{3}{4}$ hluta af tillagi sjóðsins samkvæmt 79. gr. téðra laga.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 27. ágúst 1940.

Hermann Jónasson.

Eysteinn Jónsson.

Jakob Möller.

Ólafur Thors.

Stefán Jóh. Stefánsson.

(L. S.)

Stefán Jóh. Stefánsson.